



Frá skrifstofu forseta Íslands

Við hátíðlega athöfn á Bessastöðum í dag, 1. janúar 2008 sæmdi forseti Íslands ellefu Íslendinga heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu. Þeir eru:

1. Bjarni Ásgeir Friðriksson íþróttamaður og ólympíuverðlaunahafi, Reykjavík, riddarakross fyrir íþróttafrek og framlag til íþróttafræðslu
2. Björgvin Magnússon fyrrv. skólastjóri, Reykjavík, riddarakross fyrir störf í þágu skátahreyfingar og æskulýðs
3. Bolli Þór Bollason ráðuneyttisstjóri, Garðabæ, stórriddarakross fyrir störf í opinbera þágu
4. Erlingur Gíslason leikari, Reykjavík, riddarakross fyrir framlag til íslenskrar leiklistar og menningar
5. Inga Lára Baldvinsdóttir sagnfræðingur, Eyrarbakka, riddarakross fyrir framlag til íslenskrar ljósmyndasögu og varðveislu menningararfleifðar
6. Ingibjörg Þorbergs tónskáld, Kópavogi, riddarakross fyrir framlag til íslenskrar tónlistar
7. Margrét Eybjörg Margeirsdóttir félagsráðgjafi, Reykjavík, riddarakross fyrir störf að félags- og velferðarmálum
8. Ólafur Elíasson myndlistarmaður, Hellerup, Danmörku, riddarakross fyrir framlag til íslenskrar og alþjóðlegrar myndlistar
9. Sigríður Pétursdóttir bóndi, Ólafsvöllum á Skeiðum, riddarakross fyrir störf að ræktun íslenska fjárhundsins
10. Sigrún Eldjárn rithöfundur og myndlistarmaður, Reykjavík, riddarakross fyrir framlag til íslenskrar barnamenningar
11. Þórir Stephensen fyrrv. dómkirkjuprestur og staðarhaldari í Viðey, Reykjavík, riddarakross fyrir störf í þágu kirkju, sögu og samfélags

1. janúar 2008